

84

20. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tollyfirvöld skulu, um leið og þau afgreiða útflutningsskjöl, innheimta 2½% skatt af fob-verði allra vara, sem framleiddar eru á árinu 1960 og fluttar eru úr landi til sölu frá 20. febrúar 1960. Af niðursoðnum sjávarvörum fluttum út eftir 15. desember 1960 skal þó skattur þessi nema ½% af fob-verði.

Útflutningsskattur á ísfiskafla skipa, sem sjálf flytja hann á erlendan markað, miðast við söluverð hans að frádregnum sölukostnaði og áætluðu flutningsgjaldi samkvæmt reglum gjaldeyriseftirlitsins. Skattur þessi skal innheimtur um leið og greitt er útflutningsgjald af ísfiskafla hvers skips.

Ákvæði 1. málsg. þessarar gr. taka ekki til vara, sem samkvæmt vottorði hlutaðeigandi yfirvalds eru framleiddar fyrir 16. febrúar 1960 og verðbættar skulu samkvæmt bráðabirgðaákvæðum laganna, staflidum a—b.

Fé það, sem verður afgangi í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, staflidum b, c og f, skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. mgr. þessarar gr. af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa, samkvæmt 4. málsg. þessarar greinar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru lög nr. 53 14. júní 1960 jafnframt úr gildi felld.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

85

28. des.

## L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Anna Jóhanna Alfreðsdóttir, barn í Keflavík, fædd í Noregi 15. júní 1948.
2. Bacher, Johanna, húsfúri í Reykjavík, fædd í Þýzkalandi 4. nóvember 1922.